

## AUGLÝSING

### um gjald vegna þátttöku á vigtarmannanámskeiðum í Reykjavík.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn skal ráðherra ákveða gjald til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa varðandi löggildingu vigtarmanna. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði við námskeiðin og framkvæmd prófsins.

Við námskeiðsgjald bætist löggildingargjald í samræmi við lög nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

Námskeiðin skiptast í almennt námskeið og endurmenntunarnámskeið. Námskeiðsgjöld og löggildingargjöld fyrir námskeiðin sjást í meðfylgjandi töflu:

Texti	Námskeiðsgjald kr.	Lögg. gjald kr.	Samtals kr.
Almennt námskeið	35.700	8.300	44.000
Endurmenntunarnámskeið	12.500	1.650	14.150

Vegna námskeiðshalds utan Reykjavíkur er hvert tilvik metið og námskeiðsgjald hækkar til að standa straum af fleiri kostnaðarliðum, m.a. vegna ferðakostnaðar, lengri viðverutíma, ferðatíma og dagpeninga.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

*Dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, 22. febrúar 2010.*

**Ragna Árnadóttir.**

*Þórunn J. Hafstein.*